Stjórnarfundir

# 2. stjórnarfundur HSV starfsárið 2017-2018. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 16. júní 2017 kl. 12.00.

Mættir eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Karl Ásgeirsson, Ingi Björn Guðnason og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

Dagskrá:

1. Afgreiddur tölvupóstur frá Gísla Jóni Kristjánssyni fyrir hönd Harðar. Stjórn svarar erindinu.

   Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir vék af fundi yfir þessum lið.

2. Greiðsla lottófés og rekstrarstyrks frá Ísafjarðarbæ til aðildarfélaganna.
   Í uppgjöri HSV á lottó/getraunum og styrk Ísafjarðarbæjar til aðildarfélaga, er dreginn frá kostnaður vegna trygginga, skatts til HSV og áskrift að Skinfaxa. Einnig er dreginn frá kostnaður vegna íbúðanna í Múlalandi og Hnífsdal sem HSV fær frá Ísafjarðarbæ samkvæmt samstarfssamningi. Félögin þurfa að greiða rafmagn, hita og þrif á sameign auk þess sem nú er greidd 50% leiga af þremur íbúðum af átta. Ef styrkir félaga duga ekki fyrir kostnaði vegna íbúða gefur stjórn HSV heimild til að draga eftirstöðvar kostnaðar frá greiðslu vegna verkefnasamnings. Eru fordæmi fyrir því að sú leið hafi verið farin.

Fundi slitið kl. 14.00